

Drög

Fyrirmæli fyrir kafara við köfun og yfirborðsköfun í Þjóðgarðinum á Þingvöllum

Almenn fyrirmæli:

- Ferðapjónustufyrirtæki sem selja ferðir í köfun og yfirborðsköfun í Þjóðgarðinum á Þingvöllum skulu uppfylla öll opinber skilyrði fyrir rekstri ferðapjónustu og hafa nauðsynleg leyfi og tryggingar í gildi fyrir slíkri ferðapjónustu.
- Ferðapjónustufyrirtæki skulu hafa öryggis- og viðbragðsáætlun, sem samþykkt er af Siglingastofnun Íslands.
- Kafarar/yfirborðskafarar í Silfru skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en 8 að grynningum skilgreindum á korti í fylgiskjali.
- Gestir með hverjum leiðsögumanni skulu ekki vera fleiri en 4 hverju sinni við köfun í Silfru.
- Gestir með hverjum leiðsögumanni skulu ekki vera fleiri en 8 hverju sinni við yfirborðsköfun í Silfru.

Öryggiskröfur og búnaður:

- Leiðsögumaður ferðapjónustufyrirtækis skal hafa þjálfun sem uppfyllir EN14153-3/ISO 24801-3 Competencies of a recreational scuba diver at level 3-“Dive Leader” eða hærrí gráðu til að mega leiðsega í köfunarferðum (yfirborðs- og köfun) í Þjóðgarðinum á Þingvöllum og vera amk. handhafi F-köfunarskírteins.
- Leiðsögumenn hópa í yfirborðsköfun eða köfun á vegum ferðapjónustufyrirtækis í Þjóðgarðinum á Þingvöllum verða að hafa náð 20 ára aldri.
- Ef ferðapjónustufyrirtæki fer á sama tíma með hóp í köfun og yfirborðsköfun skal a.m.k einn leiðsögumaður að fylgja hvorum hópi í vatninu enda þótt hámarksfjöldi gesta pr. leiðsögumann, sbr. hér að framan, sé ekki náð.
- Ekki má synda fyrir ofan kafara við köfun.
- Gestir í yfirborðsköfun og köfun skulu vera í heilgalla, þurrdragt, blautdragt, með hettu, hanska, fit og með annan viðeigandi búnað. Tryggja skal sýnileika gesta í yfirborðsköfun.
- Leiðsögumenn í yfirborðsköfun og köfun skulu vera í þurrdragt eða blautdragt með fit og annan viðeigandi búnað.
- Köfunarbúnaður skal uppfylla kröfur íslenskra laga og reglugerða þar að lútandi.
- Köfunarbúnaður skal vera viðurkenndur til notkunar í köldu vatni.
- Ferðapjónustufyrirtæki skulu meta reynslu og þekkingu kafara til köfunar í þurrbúningi.
- Leiðsögumenn ferðapjónustufyrirtækja skulu hafa lokið viðurkenndu námskeiði í vettvangshjálpi.

- Öll ferðaþjónustufyrirtæki skulu hafa súrefnisgjafabúnað og almennan skyndihjálparútbúnað sem hluta af búnaði sínum á staðnum bæði í yfirborðsköfun og köfun.

Súrefnisgjafartæki.

Tækið skal miða við að geta gefið tveim sjúklingum súrefni í 60 mínútur, miðað við 100% súrefnisgjöf á 15 l/min flæði, (15 l/min x 60 mínútur x 2 kafarar) samtals 1800 lítrar eða 1800/200 bar = 9 lítar hylki.

Rýmd súrefnisloftlindarinnar miðast við viðbragðstíma almennrar neyðarþjónustu til að komast til Þingavalla, 50 mínútur.

Öryggisskæri. Hver leiðsögumaður skal hafa á sér öryggisskæri EMT EMS Style All-Purpose Scissors / EMS Safety shears.

- **Leitarbúnaður.**

Á hverjum tími skal skipuleggjandi köfunarferðar hafa til reiðu búnað til að geta hafið tafarlausa leit neðan yfirborðs. Búnaðurinn er að lágmarki:

Auka loftlind til köfunar.

Rýmd loftlindarinnar skal tryggja nægt loftmagn til 20 mínútna köfunar á hámarksdýpi köfunarsvæðisins og skal miða við 45 lítra loftnotkun á mínútu á yfirborði.

Kefli með línu (Dive reel) með 50 metra línu.

Neðansjávarljós